

Skólaráð Hörðuvallaskóla

9. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 6. apríl 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Heiðar Ásberg Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Anna D. Hermannsdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Stefna skólans

Farið yfir drög að eins konar skoðanakönnun sem send verður út til foreldra og starfsmanna á næstunni þar sem tækifæri gefst til að koma á framfæri skoðunum á drögum að stefnu skólans auk nokkurra stefnumótandi þátta sem spurt er um sérstaklega. Stefnudrögin voru tekin fyrir á kennarafundi um daginn og nokkrar breytingar gerðar eftir þá yfirferð. Nokkrar breytingar gerðar á fundinum á spurningum í lok könnunarinnar s.s. varðandi skoðanir á uppstokkun á bekkjum, stefnt að því að könnunin verði send út á næstu dögum og niðurstöður liggja fyrir í lok mánaðarins.

2. Húsnæðismál – uppröðun og skipulag

Skoðuð nýjasta útgáfa aðgerðaáætlunar vegna húsnæðismála skólans sem hefur að geyma tillögur að skipulagi næstu þriggja ára. Frá síðustu yfirferð eru breytingar þær helstar að gert er ráð fyrir að flytja kennslu í textílmennt, myndmennt og smíðum úr enda neðri hæðar gula gangs til að rýma frekar til fyrir starfi Hörðuheima. Einnig ræddar hugmyndir um breytt skipulag á unglíngastigi þar sem til skoðunar er að taka upp „vinnustofuskipulag“ að hluta. Stefnt að kynningar- og umræðufundum með foreldrum á unglíngastigi eftir páska vegna þess máls.

3. Námsmat – fyrirhugaðar breytingar

Umræður um fyrirhugaðar breytingar sem verða munu á námsmati í skólanum í samræmi við nýja aðalnámskrá en hugmyndin er að afhending vitnisburða með óbreyttu sniði verði í síðasta skipti í vor.

4. Ráðning aðstoðarskólastjóra

Ákveðið hefur verið að ráða Eddu Kjartansdóttur sem aðstoðarskólastjóra við skólann frá og með 1. ágúst nk. og mun hún hafa aðsetur á unglíngastigi.

5. List- og verkgreinar m.t.t. viðmiðunarstundaskrár aðalnámskrár

Í nýlegri frétt á vef menntamálaráðuneytis kemur fram að víða er misbrestur á því í skólum á höfuðborgarsvæðinu að nemendur fái þann tímafjölda í list- og verkgreinum sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Vegna þessa barst Foreldrafélaginu fyrirspurn um hvernig málum væri háttað í Hörðuvallaskóla. Á fundinum var rýnt í tölur sem sýna að Hörðuvallaskóli er meðal þeirra skóla sem búa bærilega vel að þessum málum. Skólastjórnendum falið að taka saman nánari upplýsingar um þetta mál til birtingar á heimasíðu skólans.

6. Námsgagnakaup foreldra / nemenda

Rætt um hvort skólinn og Foreldrafélög skuli taka að sér í sameiningu að annast innkaup námsgagna fyrir nemendur. Skólaráð er hlynnt því fyrirkomulagi en nánar verður spurt um þetta í skoðanakönnuninni sem send verður út.

7. Önnur mál

Gangbrautamál. Fulltrúar foreldra benda á hugsanlega lausn á lýsingu við gangbraut við skólann, sbr. sambærilegar aðstæður við Vatnsendaskóla. Einnig rætt um þörf á gangbrautavörslu. Skólastjórendur taka málið til skoðunar.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áformaður fimmtudaginn 4. maí.